

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/36/EBE

frá 29. apríl 1992

um breytingu, með tilliti til Afríkuhrossapestar, á tilskipun 90/426/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 90/426/EBE ⁽⁴⁾ er kveðið á um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum. Í tilskipuninni eru tilgreind mörk svæða sem eru sýkt af Afríkuhrossapest og þær reglur sem gilda í aðildarríkjum sem ekki eru laus við sjúkdóminn.

Í tilskipuninni 92/35/EBE ⁽⁵⁾ er kveðið á um reglur um eftirlit. Af þessum sökum skal breyta tilskipun 90/426/EBE svo tekið sé mið af þessum ákvæðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE komi eftirfarandi:

„5. gr.

1. Aðildarríki sem er ekki laust við Afríkuhrossapest í skilningi f-liðar 2. gr. er aðeins heimilt að senda hófdýr frá þeim landshluta sínum, sem talinn er sýktur í skilningi 2. mgr. þessarar greinar, samkvæmt skilyrðunum í 3. mgr. þessarar greinar.

2. a) Landshluti aðildarríkis er talinn sýktur af Afríkuhrossapest ef:

— klínísk, sermifræðileg (í óbólusettum hófdýrum) og/eða faraldursfræðileg einkenni Afríku-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 312, 3. 12. 1991, bls. 17.

⁽²⁾ Álitum var skilað 10. apríl 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Álitum var skilað 22. apríl 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 157, 10. 6. 1992, bls. 19.

hrossapestar hafa komið fram á viðkomandi svæði næstliðin tvö ár, eða

— bólusett hefur verið gegn Afríkuhrossapest á síðustu tólf mánuðum.

b) Landshlutinn sem talinn er sýktur af Afríkuhrossapest skal að minnsta kosti vera samsettur af:

— verndarsvæði með minnst 100 km radíusi út frá miðbiki sýkingarstaðarins,

— eftirlitssvæði sem nær að minnsta kosti 50 km út fyrir verndarsvæðið, þar sem ekki hefur verið bólusett á síðustu tólf mánuðum.

c) Reglur um eftirlit með átaksaðgerðum varðandi landshluta og svæði sem um getur í a- og b-lið og viðeigandi undanþágur eru tilgreindar í tilskipun 92/35/EBE(*).

d) Öll bólusett hófdýr á verndarsvæðinu skal skrá og auðkenna í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 92/35/EBE.

Í auðkennisskjalinu og/eða heilbrigðisvottorðinu skal vera skýr tilvísun til slíkrar bólusetningar.

3. Aðildarríki er eingöngu heimilt að senda hófdýr frá svæðinu sem um getur í b-lið 2. mgr. að eftirfarandi kröfum uppfylltum:

a) þau skulu aðeins send á vissum árstímum, með hliðsjón af virkni smitberandi skordýra, sem verða ákvarðaðir í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr.;

b) þau mega ekki sýna nein klínísk einkenni Afríkuhrossapestar á skoðunardeginum sem um getur í 1. mgr. 4. gr.;

c) — hafi þau ekki verið bólusett gegn Afríkuhrossapest verða þau að sýna neikvæða svörun við magnaðarbindingarprófi vegna Afríkuhrossapestar, eins og lýst er í viðauka D, og skal prófið gert tvisvar sinnum með 21 til 30 daga millibili og skal síðara prófið gert á síðustu tíu dögum fyrir sendingu,

— hafi þau verið bólusett, mega þau ekki hafa verið bólusett næstliðna tvo mánuði og skal gera á

þeim bindingarprófið sem lýst er í viðauka D, með því millibili sem hér að framan segir, án þess að í ljós komi aukning við mótefnatalningu. Samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt, að fengnu álitni vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði, að viðurkenna aðrar eftirlitsaðferðir;

- d) þau skulu hafa verið í sóttkví í að minnsta kosti 40 daga fyrir sendingu;
- e) þau skulu hafa verið vernduð gegn smitberandi skordýrum á sóttkvíartímanum og á leiðinni frá sóttkvínni til sendingarstaðar.

(*) Stjtið. EB nr. L 157, 10. 6. 1992, bls. 19.“

2. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 90/552/EBE ⁽¹⁾, 90/553/EBE ⁽²⁾, 91/93/EBE ⁽³⁾ og 92/101/EBE ⁽⁴⁾ gilda áfram að því er þessa tilskipun varðar.

Í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr. tilskipunar 92/35/EBE er leyfilegt að breyta ofangreindum ákvörðunum með það í huga að aðlaga gildissvið þeirra að ákvæðum

þessarar tilskipunar eða með tilliti til síðari aðlögunar að vísinda- og tækniframförum.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

Arlindo MARQUES CUNHA

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/552/EBE frá 9. nóvember 1990 um mörk svæða sem eru sýkt af afrískri hrossapest (Stjtið. EB nr. L 313, 13. 11. 1990, bls. 38). Ákvörðun eins og henni var breytt með ákvörðun 91/645/EBE (Stjtið. EB nr. L 349, 18. 12. 1991, bls. 43).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/553/EBE frá 9. nóvember 1990 um merkingu hófdýra sem eru bólusett við afrískri hrossapest (Stjtið. EB nr. L 313, 13. 11. 1990, bls. 40).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/93/EBE frá 11. febrúar 1991 um það hvenær ársins Portúgal má senda ákveðin hófdýr frá svæðum sem eru sýkt af afrískri hrossapest (Stjtið. EB nr. L 50, 23. 2. 1991, bls. 27).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/101/EBE frá 28. janúar 1992 um á hvaða árstíma Spáni er heimilt að senda tiltekin hófdýr frá þeim hluta yfirráðasvæðis síns sem talinn er smitaður af Afríkuhrossapest (Stjtið. EB nr. L 39, 15. 2. 1992, bls. 46).